

FORSETAÚRSKURÐUR**10**

28. febr.

um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

Af málefnum þeim, er í nefndum úrskurði voru falin Bjarna ráðherra Ásgeirssyni, skulu húsmæðraskólar í sveitum heyra undir Eystein ráðherra Jónsson.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G**11**

28. febr.

um tilraunastöð háskólans í meinafræði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjár sjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð háskólans í meinafræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

2. gr.

Forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

3. gr.

Við stofnunina starfi 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera efnafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknadeildar.

4. gr.

Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.